

Nr. 581

28. júní 2016

AUGLÝSING um undanþágu lögaðila frá gildissviði upplýsingalaga.

1. gr.

Forsætisráðherra hefur ákveðið, með vísan til 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, sbr. einnig auglýsing nr. 600/2013, að fallast á tillögu hlutaðeigandi ráðherra, sbr. umsagnir Samkeppniseftirlitsins, um að eftirtaldir lögaðilar skuli ekki falla undir gildissvið laganna, og skal undanþága hvers þeirra endurskoðuð eigi síðar en 1. júlí 2019:

1. Landsbankinn hf.
2. Landsvirkjun sf.
3. Orkusalan ehf.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytinu, 28. júní 2016.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2016